

Miðvikudaginn 28. apríl 1937.

Nr. 174/1936. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Gunnari Ingimundarsyni
(Eggert Claessen).

Brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 17. sept. 1936: Kærður, Gunnar Ingimundarson, sæti 200 kr. sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi, svo missi hann og rétt til bifreiðaraksturs um 3 mánuði og greiði sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með lagaaðför, og ídæmd sekt greiðist innan 30 daga frá birtingu dómsins.

Dómur hæstaréttar.

Með niðurstöðu blóðrannsókna, viðurkenningu kærða um áfengisneyzlu og öðrum þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, verður að telja það sannað, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur að morgni hins 14. maí f. á. Hefir hann með þessum verknaði sínum gerzt sekur um brot á ákvæðum 3. mgr. 5. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931, og 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Að visu hefir mál gegn kærða verið höfðað einungis með skírskotun til áfengislaganna, en ekki þykir það eiga að vera því til fyrirstöðu, að refsing hans verði ákveðin með hliðsjón af hvorumtveggja hinna ofan nefndu laga, þar eð kærði gat ekki verið í vafa um, fyrir hvaða verknað mál var höfðað gegn honum. Telst refsing kærða hæfilega ákveðin samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna 100 króna sekt til ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist

ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskirteinis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Það athugast við rannsókn málsins, að kærði hélt því fram, að farþegar þeir, er hann flutti í umrætt skipti, hafi veitt honum áfengi, meðan hann var við aksturinn, en ekki verður séð, að neitt hafi verið gert til þess að sannprófa þetta í því skyni að koma fram ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 21. gr. áfengislaganna á hendur þeim mönnum, sem sekir kynnu að hafa gerzt um slíkan verknað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Ingimundarson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskirteinis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinsonar og Eggerts Claessen, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 14. maímán. síðasta hitti löggæzlumaður Björn Bl. Jónsson kl. 10,40 árdegis bifreiðina Á.R. 81 að utanverðu við Þjorsárbrú. Hafði vitnið séð, að stjórn bifreiðarinnar var fremur óstyrk og því stöðvað hana. Bifreiðinni stýrði kærður, Gunnar Ingimundarson, frá Hellukoti við Stokkseyri, og með því af honum lagði sterka vinykt, leitaði löggæzlumaður í stýrishúsinu og fann þar „svartadauðaflösku“ og úr henni drukkið niður undir miða. Ennfremur fundust þar 2 háflflöskur undan brennivíni.

Kærður hefir játað að hafa drukkið eitthvað úr svartadauðaflöskunni, en neitað að hafa drukkið allt af henni, ennfremur að hann á leið austur um nóttina áður hafi fengið bragð hjá farþegum, og er þeir stöldruðu við á leiðinni, en heldur því hinsvegar fast fram, að hann hafi ekki bragðað áfengi síðan kl. 5 um morguninn, er hann var tekinn.

Um ferðalag sitt skýrir kærður frá, að hann kl. rúmlega 10 kvöldinu áður hafi farið frá Stokkseyri og með nokkrum viðdvölum komizt inn að Hlíðarendakoti í Fljótshlí kl. 7½ næsta morgun, staðið þar stutt við og haldið út eftir og á þeirri leið stöðvað (sic) eitthvað.

Um hádegi 14. maí var tekið blóð úr kærðum og sýndi rannsókn, að áfengismagn í kærðum var rúmlega 0,5%, en minna en 1%. Samkvæmt skýrslu landlæknis hefir áfengismagn í kærðum verið mun meira en 1% undir akstri fyrr um morguninn. Það er því enginn vafi á, að kærður hefir verið undir áhrifum áfengis við akstur, og hefir hann, sem er kominn yfir lögaldur brotamanna og áður í héraði verið dæmdur fyrir áfengisbrot, þótt sýknaður hafi verið í hæstarétti, því gerzt sekur gegn 21. gr. laga 33/1935. Kemst hann því eigi hjá að missa réttar til að stjórna bifreiðum 3 mánuði, en refsing hans þykir samkvæmt 39. gr. sömu laga hæfilega metin 200 kr. sekt, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi. Svo ber honum að greiða allan kostnað af málinu, en með því að talsmaður hans í héraði hefir eigi krafizt þóknunar, verður hún eigi tildæmd honum.

Á málinu hefir eigi orðið óþarfur dráttur og málsvörnin varðar ekki við lög að kalla.